

EFTIRLITSSKÝRSLA

Háskóli Íslands (Stefán Ragnar) Keldur, tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði



Dags eftirlits	14.3.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristinsdóttir
Fyrirtæki	Háskóli Íslands (Stefán Ragnar)	Eftirlitsmaður	
Heimili	Keldur, Keldnavegi 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6502694549	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Stefán Ragnar Jónsson	ÍSAT nr.	85.14.3
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávík kom fram við eftirlitið er varðar starfsemi án leyfis en engin ábending var sett fram.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með leyfi Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum til afmarkaðrar starfsemi með erfðabreyttar örverur í afmörkunarflokki I og II.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í leyfi)
- Varnir gegn mengun ytra umhverfis (kafla 2)
- Innra eftirlit rekstraraðila (kafla 3)

Síðasta eftirlit fór fram 5. apríl 2022 og var frávíkalaust

Eftirlit með leyfum fyrir afmarkaðri starfsemi með erfðabreyttar örverur í flokki I og II fer fram reglulega og aldrei sjaldnar en annað hvert ár, sbr. 7.gr. reglugerðar nr. 275/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera.

Leyfi til afmarkaðrar starfsemi með erfðabreyttar örverur í afmörkunarflokki I og II gildi til 29. nóvember 2022 og er því verið að starfa án leyfis.

Farið var yfir umfang starfseminnar og hvort einhverjar breytingar hefðu orðið eða væru fyrirhugaðar. Rekstraraðili staðfesti að starfsemin væri óbreytt. Allur úrgangur sem fellur til við framleiðsluna er skráður og fer í gufusæfi fyrir förgun. Aðgangur að byggingunni er takmarkaður og skilti sem vara við hættu af líffræðilegum toga til staðar. Þjálfun starfsfólks er í föstum skorðum og fá nýir starfsmenn annarsvegar kynningu á starfseminni og hinsvegar sértæka þjálfun varðandi sín verkefni. Vinnubækur til staðar og notaðar í samræmi við leyfi.

Frávík frá

Lýsing á frávíki

11. gr., sbr. 13 gr. laga nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur.

Leyfi Tilraunastöðvarinnar Háskóla Íslands í meinafræðum að Keldum, til afmarkaðrar starfsemi með erfðabreyttar örverur í afmörkunarflokki I og II, rann út 29. nóvember 2022 og er starfsemin því án leyfis.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 03.04.2024

Sigr. Kristinsd

Sigríður Kristinsdóttir

